

Tillaga að breytingu á lögum BÍS

Núverandi grein 9:

“Skátafélögum innan BÍS er skylt að setja sér lög. Í vörslu BÍS skal jafnan vera eintak af gildandi félagslögum viðkomandi skátafélags. Í lögum hvers skátafélags skulu a.m.k. vera ákvæði um eftirfarandi:

- Aðalfundur félagsins skal haldinn árlega. Stjórn BÍS er heimilt að senda áheyrnarfulltrúa á fundinn. Fundarboð skal sent skrifstofu BÍS.
- Í félaginu skal starfa minnst 3ja manna stjórn sem funda skal að jafnaði mánaðarlega. Þar á meðal skulu vera félagsforingi, aðstoðarfélagsforingi og gjaldkeri.
- Æskilegt er að minnst einn stjórnarmanna skátafélags með aðild A sé á aldrinum 18-25 ára.
- Í félaginu skal starfa foringjaráð og/eða félagsráð þar sem skátaforingjar og stjórn félagsins eiga sæti. Foringjaráð og/eða félagsráð skal funda eigi sjaldnar en þrisvar á ári.
- Hvernig staðið skuli að úrsögn félagsins úr BÍS.
- Hvernig staðið skuli að því að leggja starfsemi félagsins niður.
- Hverjir skulu fara með eignir félagsins hætti það störfum. Þessir aðilar eru skyldugir til þess að ráðstafa eignunum í samráði við stjórn BÍS.”

Tillaga að breytingu:

“Skátafélögum innan BÍS er skylt að setja sér lög. Í vörslu BÍS skal jafnan vera eintak af gildandi félagslögum viðkomandi skátafélags. Í lögum hvers skátafélags skulu a.m.k. vera ákvæði um eftirfarandi:

- Aðalfundur félagsins skal haldinn árlega. Stjórn BÍS er heimilt að senda áheyrnarfulltrúa á fundinn. Fundarboð skal sent skrifstofu BÍS.
- Í félaginu skal starfa minnst 3ja manna stjórn sem funda skal að jafnaði mánaðarlega. Þar á meðal skulu vera félagsforingi, aðstoðarfélagsforingi og gjaldkeri. *Enginn stjórnarmeðlimur má gegna fleiri en einu þessara embætta.*
- Æskilegt er að minnst einn stjórnarmanna skátafélags með aðild A sé á aldrinum 18-25 ára.
- Í félaginu skal starfa foringjaráð og/eða félagsráð þar sem skátaforingjar og stjórn félagsins eiga sæti. Foringjaráð og/eða félagsráð skal funda eigi sjaldnar en þrisvar á ári.
- *Í stjórn og foringjaráði skal sitja fólk af báðum kynjum og kynjahlutföll vera sem jöfnust.*
- Hvernig staðið skuli að úrsögn félagsins úr BÍS.
- Hvernig staðið skuli að því að leggja starfsemi félagsins niður.
- Hverjir skulu fara með eignir félagsins hætti það störfum. Þessir aðilar eru skyldugir til þess að ráðstafa eignunum í samráði við stjórn BÍS.”

Rökstuðningur:

Í stjórnnum félaga er mikilvægt að valdi sé dreift og það sitji ekki á höndum eins aðila. Að sama skapi er mikilvægt að festa í sessi mikilvægi þess að kynjahlutföll séu sem jöfnust.